

**Mál nr. 130/2014**  
**M og**  
**V1 v/ bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Ekið aftan á bifreið á Vatnsendavegi 19. febrúar 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2. maí 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 20. maí 2014.
3. Bréf V2 dags. 23. maí 2014 ásamt gögnum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu kemur fram að þegar M ók bifreið A austur Vatnsendaveg var henni ekið aftan á bifreið B. Engin lýsing var á veginum og veður var slæmt. Af gögnum málsins má ráða að ágreiningur sé um staðsetningu bifreiðar B þegar áreksturinn varð. Þ.e. hvort bifreiðinni hafi verið lagt inni á veginum eða utan hans, en í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hún hafi skilið bifreiðina eftir vegna bensínleysis skömmu fyrir áreksturinn. Ekki er ágreiningur um að bifreið B var ljóslaus og ekki var varúðarþríhyrningur á veginum. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram vitnisburður vitnis sem ók framhjá bifreið B um kl. 19:30 er á þá leið að bifreið B hafi staðið að mestu leyti inni á veginum. Í gögnum málsins kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi fyrst skilið bifreiðina eftir vegna bensínleysis um kl. 19 en komið aftur að henni um kl. 20 ásamt unnusta sínum og föður til að reyna að setja bensín á bifreiðina en það hafi ekki tekist vegna veðurs. Þá hafi þau, á þeim tíma, ýtt bifreiðinni alveg út fyrir veginn. Áreksturinn hafi síðan orðið eftir það.

M telur að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt stórkostlegt gáleysi með því að skilja bifreið A eftir þannig að augljós hættu skapaðist fyrir umferð um veg þar sem engin lýsing var og skyggni slæmt vegna veðurs. M vísar á bug skýringum ökumanns bifreiðar B um aðra staðsetningu bifreiðarinnar en vitni ber um.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B hafi brotið gegn 30. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að skilja bifreið sína eftir án varúðarráðstafana. Einnig hafi verið dragfór eftir bifreið A inni á akbrautinni sem bendi til þess að áreksturinn hafi orðið inni á henni en ekki utan hennar. V2 telur að ökumaður B hafi sýnt fram á að hún hafi gert nægar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu þegar hún þurfti að skilja bifreið sína eftir utan við veg vegna bensínleysis.

**Álit.**

Í máli þessu er ágreiningur um sakarskiptingu vegna árekstur milli bifreiðanna A og B. Ljóst er af gögnum málsins að bifreið A, sem M ók, var ekið aftan á bifreið B sem var mannlaus og yfirgefin. Framburður M í lögregluskýrslu bendir til þess að hann hafi misst stjórn á bifreið sinni og síðan lent aftan á bifreið B. M hefur gefið aðrar skýringar í frekari skýrslum þannig að hann hafi ekið aftan á bifreið B og síðan misst stjórn á bifreið A. Með vísan til þessa verður sönnunarbyrði lögð á M um að ökumaður bifreiðar B hafi skilið þannig við bifreið sína að það hafi skapað hættu fyrir umferð um Vatnsendaveg. Þó vitni hafi borið um staðsetningu bifreiðar B inn á vegi um kl. 19:30 á tjónsdegi er ekki hægt að líta framhjá skýringum ökumanns bifreiðar B um að hann hafi fært bifreiðina út af veginum eftir að hafa reynt að koma bensíni á hana. Þessar skýringar eru studdar með vitnisburðum tveggja vitna. Þó þau vitni séu unnusti og faðir ökumanns bifreiðar B verður að líta svo á að kvittun fyrir viðskiptum föður hennar á bensínstöð í nágrenninu um kl. 20 gefi vitnisburðinum trygga stoð. Verður því niðurstaða málsins byggð á því hvort nægilega sé sannað að frágangur bifreiðar B hafi verið inni á akbrautinni en ekki utan hennar eins og hún hefur borið um sem og umrædd tvö vitni. Gegn skýrslum þeirra og sönnunargögnum verður ekki lagt til

grundvallar að áreksturinn hafi orðið inni á akbrautinni og verða dragför á akbrautinni ekki talin breyta þeirri niðurstöðu. Verður því öll sök lögð á M sem ökumann bifreiðar A fyrir að hafa misst stjórn á bifreið sinni og ekið aftan á bifreið B.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðar A ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 10. júní 2014.

---

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.